

Prefaldur Þjóðdans

Lag: Thomas Ravenscroft

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

Nokkurs konar keðjusöngur þar sem 2. bassi byrjar, síðan bætist 1. bassi við o.s.frv., en hver rödd syngur sitt lag.

2. bassi:

∴ Syng allir félagar eftir mér

og allir brýna raust sína ∴

∴ Þrjá sveitadansa við syngjum hér

þar seiðir og töfrar hver lína. ∴

1. bassi:

∴ Eyvindur, Eyvindur, dansaðu dátt

og láttu ljós þitt skína ∴

∴ í þínum dökkrauða flaelisfrakka

og brók með blúndu fína. ∴

1. tenór:

∴ Nú stígum við dansinn hér, Tommi Tomm,

og trítlaðu með mér, ó, Stína. ∴

∴ En Rikki má hlykkjast alveg einn

uns Eyvindur stekkur fram með sína. ∴

2. tenór:

Ég er með svaka sinadrátt,

mér svíður hún þessi þína.

En ef það lagast á einhvern hátt

þá upphef ég söngrödd mína.

Hæ, hó, ég trampa.

Hæ, hó, ég trampa.

Hæ, hó, ég trampa.

Ég trampa.